

61. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 24. september 2026 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Bára Kristín Þórisdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar
Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis Háskólabrú Háskóla Íslands
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Bára Þórisdóttir, nýr fulltrúi Suðurnesjabæjar í stjórn, var boðin velkomin á fundinn.

Dagskrá fundarins:

1. Fundir og uppákomur

Forstöðumaður fór yfir fundi og uppákomur síðustu og komandi mánaða í Þekkingarsetrinu. Þar á meðal eru skipulagning á 50 ára afmælishátíð Fjölbautaskóla Suðurnesja, starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur, uppákoma í tilefni þess að 90 ár eru liðin frá dauða Jean-Baptiste Charcot og fjöldinn allur af skólaheimsóknum.

2. Fjarprófþjónusta og ráðuneytið

Forstöðumaður fór yfir stöðuna hvað varðar breytingar Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins á fjarprófþjónustu háskólanna, sem frá upphafi hefur verið á ábyrgð MSS hér á Suðurnesjum en á nú að færast yfir til Þekkingarsetursins á sama tíma og fjármagn til verkefnisins verður skorið niður um næstum helming. Sameiginlegt erindi frá MSS og Þekkingarsetrinu var sent á alla bæjarstjóra, bæjarstjórnir, bæjarráð, stjórn SSS og alþingismenn Suðurlands í lok sumars þar sem kallað var eftir því að þessum niðurskurði yrði mótmælt. Viðbrögð voru góð og er málið í vinnslu innan ráðuneytisins en enn óljóst hvernig það endar. Árlegur fundur Þekkingarsetursins og MNH verður miðvikudaginn 30. september næstkomandi.

3. Sumarið í Þekkingarsetrinu

Sumarið gekk mjög vel fyrir sig í Þekkingarsetrinu og nýr sumarstarfsmaður stóð sig frábærlega. Alls heimsóttu rúmlega 1.400 gestir sýningarnar í sumar og þar af voru leik- og grunnskólanemendur tæplega 800 talsins. Margir erlendir skólahópar eldri nemenda hafa heimsótt setrið það sem af er ári. Þá eru gistinætur vísindamanna orðnar rúmlega 700 á árinu.

4. Stjórn og starfsmenn

Bára Þórisdóttir hefur tekið sæti stjórnarformanns fyrir hönd Suðurnesjabæjar. Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur samþykkt að taka sæti Keilis í stjórn Þekkingarsetursins og fengið Berglindi Kristjánsdóttur til að sinna því hlutverki áfram.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn fimmtudaginn 3. desember kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Bára Kristín Þórisdóttir - sign

Berglind Kristjánsdóttir - sign

Guðmundur Grétar Karlsson - sign

Sindri Gíslason - sign

Halldór Pálmar Halldórsson - sign

Hanna María Kristjánsdóttir - sign